

frá yfirstandandi vertíðarlokum, hefir ekki verið hægt að kveða upp dóm í málinu fyrr en nú.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurjón Waage, greiði stefnandanum, Guðlaugi Oddssyni, kr. 1200.00 í björgunarlaun og kr. 250.00 í málskostnað, og hefir stefnandinn sjóveðrétt í m/b Jón Dan. G. K. 341 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. maí 1939.

Nr. 98/1938. **Erlendur Erlendsson**

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Jóhönnu Guðjónsdóttur

(Einar B. Guðmundsson).

Lögtak hjá manni fyrir meðlagseyri með óskilgetnu barni hans.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. september f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, Stefnda krefst þess hinsvegar, að úrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefir málsvari áfrýjanda skýrt frá því, án þess að því hafi mótmælt verið, að áfrýjandi hafi látið af störfum hjá Sláturfélagi Suðurlands um

mánaðamótin janúar og febrúar s. l. Skiptir hér því einungis máli, hvort halda megi eftir til handa stefndu hluta af kaupi áfrýjanda hjá greindu fyrirtæki frá þeim tíma, er í hinum áfrýjaða úrskurði segir, og til loka janúar þess árs, sem nú er að líða.

Heimildin til að taka af launum eða kaupi manns meðlagseyri með óskilgetnu barni hans verður að teljast því skilyrði bundin, að efni hans, þau sem hann hefir eftir til frjálsra umráða, séu viðhlítandi til viðurværis honum og þeim, sem dveljast á heimili hans og framfæri sitt eiga að honum, sbr. meginregluna í 59. gr. framfærslulaga nr. 135 frá 1935 og ennfremur 3. og 5. gr. bráðabirgðareglugerðar nr. 41 frá 1937 og 3. og 4. gr. laga nr. 65 frá 1938. Það þykir verða að ætla, að áfrýjandi hafi verið aflögu- fær um þá fjárhæð, sem fógetinn setti fasta af kaupi hans til greiðslu fúlgu barns hans og stefndu, meðan áfrýjandi vann hjá Sláturfélagi Suðurlands fyrir kaup þvi, er í hinum áfrýjaða úrskurði greinir. Af þeim ástæðum, sem nú var lýst, þykir bera að stað- festa úrskurðinn að niðurstöðu til.

Eftir þessum málslyktum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Erlendur Erlendsson, greiði stefndu, Jóhönnu Guðjónsdóttur, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. ágúst 1938.

Í máli þessu hefir gerðarbeiðandi, Jóhanna Guðjónsdóttir, til heimilis á Hverfisgötu 102 hér í bæ, krafizt þess, að gert yrði lögtak hjá Erlendi Erlendssyni, til heimilis á Laugaveg 81 hér í bæ, til tryggingar ógreiddu meðlagi með barni þeirra, Sigríði Öldu, að upphæð kr. 333.34 auk alls kostnaðar við gjörð þessa. Gerðarþoli hefir ekki mótmælt réttmæti kröfunnar, en lýst því yfir, að hann væri alveg eignalaus, og gat ekki þarafleiðandi bent á eignir til lögtaks.

Gerðarbeiðandi krafðist þess þá, að fastsett yrði af kaupi gerðarþola hjá Sláturfélagi Suðurlands, en þar vinnur hann, allt það kaup, er hann fengi þar greitt fram úr kr. 200.00 á mánuði, um óákveðinn tíma, þangað til að lögtakskrafa þessi er að fullu greidd ásamt innheimtulaunum og öllum kostnaði. Telur hann, að þessar 200 krónur sé nægileg upphæð fyrir gerðarþola til að sjá heimili sínu farborða ásamt þeim tekjum, sem hann hlyti að hafa af veitingasölu.

Gerðarþoli hefir hinsvegar haldið því fram, að í stað þess að hafa tekjur af umræddri veitingasölu þá hafi hann liðið tap við hana. Þá hefir hann jafnframt haldið því fram, að kaup sitt hjá Sláturfélagi Suðurlands væri ekki hærra en svo, að hann þyrfti að nota það allt til heimilisþarfa sinna. Hann ætti lasburða konu og tvö börn og þetta útheimti auk venjulegra þarfa vistráðna stúlku. Af þessum ástæðum hefir hann mótmælt því, að nokkuð yrði fastsett af kaupi sínu hjá Sláturfélagi Suðurlands.

Það er ósannað, hvort gerðarþoli hefir haft ágóða eða tap af rekstri veitingastofu þeirrar, er hann rekur á Laugavegi 81, og verður því sú starfræksla ekki á nokkurn hátt lögð til grundvallar úrskurði í máli þessu né tekið tillit til hennar til hags eða óhags, enda virðist þessi starfsemi hafa verið rekin aðeins í eitt ár og því ekki útséð um gengi hennar framvegis.

Hinsvegar er það upplýst, að gerðarþoli hefir fast kaup hjá Sláturfélagi Suðurlands að minnsta kosti kr. 300.00 um mánuðinn og auk þess hefir hann fengið greitt kaupuppbót, kr. 25.00, í nokkra mánuði, að því er hann hefir játað. Þá er það einnig upplýst, að gerðarþoli hefir fyrir heilsu-

lausri konu að sjá og 2 börnum, að því er virðist á ómaga-aldri. Enda þótt að ekki verði séð að skerða megi að nokkru verulegu leyti kaupgreiðslur þær, er gerðarþoli fær hjá Sláturfélagi Suðurlands, ef hann á af sjálfsdáðum að geta framfleytt heimili sínu, konu og 2 börnum, þá verður þó ekki hjá því komizt, þar sem ætla verður, að framfærsluskylda hans á hér um ræddu barni sé jafn rik, að fastsetja af kaupum hans mánaðarlega kr. 50.00 meðan það ekki lækkar úr því, sem það nú er, og skal Sláturfélagi Suðurlands skylt að greiða það mánaðarlega gerðarbeiðanda. Þessar greiðslur hefjast nú við kaupgreiðslu í næsta mánuði og greiðist mánaðarlega framvegis þar til lögtaks-krafa þessi ásamt kostnaði er að fullu greidd.

Þvi úrskurðast:

Fastsett skal af kaupum gerðarþola, Erlends Erlends-sonar, hjá Sláturfélagi Suðurlands kr. 50.00 mánaðarlega, eins og að ofan segir, sem greiðist gerðarbeiðanda mánaðarlega, þar til meðlagskröfu þessari ásamt kostnaði er fullnægt.

Mánudaginn 15. maí 1939.

Nr. 140/1937 **Jón Sigurðsson** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

Hreppsnefnd Blönduóshrepps f. h.
hreppsins (Jón Ásbjörnsson).

Frávisun frá hæstarétti vegna rangrar áfrýjunar.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er dómkvaðningu matsmanna, er fram fór í aukarétti Húnavatnssýslu 26. ágúst 1937, skotið til hæstaréttar með stefnu 16. nóv. s. á. til þingfestingar í maí 1938. Samkvæmt 2. tölulið 198. gr. laga nr. 85/1936 skulu slík mál sem þetta sæta kæru samkvæmt 199. gr. sömu laga. Máli þessu er því